



Velferðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2017

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um keðjuábyrgð, mál 69.

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) fagnar tillögu og umræðum um að lögbinda keðjuábyrgð, en keðjuábyrgð er eitt öflugasta vopnið í baráttunni gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði. Nú þegar hafa nokkur sveitarfélög og opinberar stofnanir sett sér slíkar reglur í útboðsskilmálum og má í því sambandi telja upp Reykjavíkurborg og Landsvirkjun sem riðu á vaðið.

Síðustu ár hefur sjónum verið í auknum mæli beint að félagslegum undirboðum og jafnvel mansali á vinnumarkaði og hafa stéttarfélög sérstaklega áhyggjur af ferðaþjónustunni og byggingarframkvæmdum.

Nágrannaþjóðir okkar hafa sömu áhyggjur sem kom glöggleg í ljós í ferð Starfsgreinasambandsins um Norðurlönd nýlega. Þar hafa ákvæði um keðjuábyrgð verið sett inn í kjarasamninga, útboðsskilmála sveitarfélaga og/eða opinberra stofnana eða hreinlega í lög.

Það hafa verið þríhliða viðræður í gangi á milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisins um keðjuábyrgð og talar þingsályktunartillagan ágætlega inni þau samskipti.

Starfsgreinasambandið leggur til að þingsályktunartillagan fái jákvæða meðferð.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri (sign)